

Mánudaginn 19. júlí 1915.

Nr. 33/1915.

Jóhann Jónsson  
 gegn  
 Kristínu Pétursdóttur.

D ó m u r :

Mál þetta, sem frávisunardómur gekk í 10. maí þ. á., fyrir þá sök, að dómurum þess hafði eigi verið stefnt til yfirdóms, er nú að nýju komið fyrir yfirdóm samkvæmt stefnu 11. maí. En þar sem þess er eigi getið í birtingarvottorði stefnuvottanna, að staður sá, er stefndu, Kristínu Pétursdóttur, var birt stefnan á, hafi verið heimili hennar, og enginn hefir mætt af hennar hendi, þá verður ekki komist hjá því, samkvæmt N. L. 1—4—2 og 22. og 20. gr. tilsk. 3. júní 1796 að frávísa stefnunni ex officio. Og er þá ekki um ómaksbætur að ræða.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum.